Haustsýning FÍM að Kjarvalsstöðum

„Þessar Haustsýningar FÍM eiga að vera eins og stóru sýningarnar í Paris voru í dentið", sagði Ragnar Kjartansson myndhöggvari við blm. Vísis, þegar hann leit inn á FÍM-sýninguna fyrir skemmstu að Kjarvalsstöðum. Og Ragnar bætti við: „Það voru árlegar sýningar, og Van Gough komst ekki einu sinni að þar", hann komst aldrei svo langt".

Ragnar Kjartansson myndhöggvari er einn fjögurra gesta á FÍM-sýningunni, og mynda þeir nokkurs konar kjarna sýningarinnar. Ásamt honum eru það þau Björg Þorsteinsdóttir Hildur Hákonardóttir og Hrólfur Sigurðsson.

Hrólfur sýnir níu olíumálverk, hið elsta frá 1974 en hin yngstu frá 1981, Hildur sýnir tólf ofin verk, mestmegnis úr ull og bómull, Björg sýnir 18 verka myndröð sem gerð er með blandaðir tækni og Ragnar Kjartansson sýnir portrettþöggmyndir, en það mun vera næsta fáséð að þær séu sýndar sérstaklega á sýningum á borð við þessa.

Þegar blm. Vísis bar að garði voru þau Björg og Ragnar að Kjarvalsstöðum mætt þar. Og Björg var spurð að því, hver kveikjan hefði verið að myndröð hennar.

„Það má eiginlega segja, að hún hafi verið afskaplega þjóðleg. Ég átti leið inn í Kassagerð Reykjavíkur, þegar verið var að prenta Skarðsbók. Ég hreifst af prufunum, sem prentararnir gerðu á litunum í vélinni, og datt í hug að reyna að leika mér á svipaðan hátt með mismunandi litatóna. En þetta verk mitt, „Bréf frá Ástralíu", er unnið með svonefndri blandaðri tækni, þ.e.as. að ég nota ákveðna grafikaðferð, og mála svo ofan í það með akrýllitum".

Á haustsýningu FÍM sýna nú alls 35 myndlistarmenn, auk gestanna, og eru 15 þeirra utan félags myndlistarmanna, að því er kom fram hjá Erni Þorsteinssyni, formanni sýningarnefndar. Hann sagði ennfremur, að þessir fimmtán ættu um þriðjung verkanna á sýningunni, en það hefði verið venja allt frá því að FÍM hóf árvisst sýningarhald sitt, að kynna á þennan hátt yngri myndlistarmenn, og væru þeir nú orðnir margir, sem hefðu átt sín fyrstu verk á FÍM-sýningu.

Hins vegar hefði það svo verið í fyrra, að sýningarnefnd FÍM hefði tekið upp á þeirri nýbreytni að bjóða sérstaklega völdum myndlistarmönnum til að mynda kjarna sýningarinnar.

Ragnar Kjartansson sýnir skúlptúra, eins og áður er getið, og kvaðst hann mjög ánægður með fyrirkomulag sýningarinnar.

„Ég met það mikils, að það skuli hafa verið hugsað fyrir því, að málverkunum væri ekki pakkað fyrir aftan skúlptúrana. Þannig hefðu listaverkin tekið athygli hvert frá öðru og ekkert þeirra fengið að njóta sín, hvorki málverkið né skúlptúrinn. Eins og þessu er fyrirkomið hér, þá verður bakgrunnur skúlptúranna stílhreinn, og fyrirkomulagið á listaverkunum verður heillegra".

Um portrettlistina hafði Ragnar sitt að segja:

„Ég held því fram að portrettlistin sé ekki nein annars flokks list. Það er krefjandi list, og með portrettunum komumst við í miklu betra samband við þann, sem portrettið er af. Og það sakar ekki að geta þess, að margir af bestu myndlistarmönnum heims hafa fengist við portrett: það nægir að nefna Picasso".

Að lokum kvaðst Ragnar mjög ánægður með allt skipulag sýningarinnar, og kvað sér heiður í því sem gömlum í hettunni að hafa verið boðið að taka þátt í þessari sýningu, „ekki síst með eins góðum fyrirvara og raunin var".

FÍM-sýningin opnaði að Kjarvalsstöðum um síðastliðna helgi, og verður opin daglega frá kl. 14.00 — 22.00 alla daga. —jsj.



Séð yfir FÍM-sýningu 1981. (Visismynd EÞS)

Á vettvangi kl. 19.35:





Ásta Ragnheiður og Arnþrúður sjá um þáttinn Á vettvangi í kvöld.

KRABBAMEIN Í LEGHÁLSI OG BRJÓSTUM

Stöllurnar Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Arnþrúður Karlsdóttir verða með þáttinn Á vettvangi kl. 19.35 í kvöld.

Þessa viku fjalla þær um ýmislegt varðandi krabbamein og krabbameinsrannsóknir í kvöld leggja þær út af krabbameini í leghálsi og brjóstum kvenna. Þær munu ræða við Guðmund Jóhannsson yfirlækni á Krabbameinsleitarstöðinni við Suðurgötu.

Að vanda mun einnig verða drepið á fjölmörg önnur málefni af ólíkasta tagi.


Sjónvarp kl. 20.35:

Hirohito Japanskeisari

Í þættinum Þjóðskörungar 20. aldar í kvöld verður fjallað um Hirohito Japanskeisara. Hann fæddist 1901 og var sonur Yoshihito keisara. Árið 1921 varð hann ríkisstjóri vegna veikinda föður síns, og kvæntist 1924 Nagako prinsessu. Þau eiga tvo syni og fjórar dætu. Hirohito varð keisari 1926.

Fyrri hluti ríkisstjórnarára Hirohitos einkenndist af útþenslustefnu og hernaðarbrölti. Skiptar skoðanir eru um þátt keisarans í hernaðarstefnunni. Sumir fræðimenn gera mikið úr friðarvilja hans en aðrir segja hann hafi verið pottinn og pönnuna í þátttöku Japana í heimsstyrjöldinni síðari.

Eftir styrjöldina fékk Hirohito að verma hásætið áfram en varð að afneita guðleika sínum, og var sviptur öllum völdum. Hann rauf einangrun þjóðhöfðingjaembættisins og var nokkuð vinsæll fyrir vikið. 1959 leyfði hann krónprinsinum, Akihito, að giftast borgaralegri stúlku.



Skiptar skoðanir hafa verið um þátt Hirohitos í hernaðarstefnu Japana í heimsstyrjöldinni.

útvarp

Þriðjudagur 6. október

12.00 Dagskrá. Dónleikar. Tilkynningar.
12.20 Fréttir. 12.45 Veðurfregnir. Tilkynningar. Þriðjudagssyrpa — Páll Þorsteinsson og Þorgeir Ástvaldsson.
15.10 „Fríðagur frú Larsen" eftir Mörthu Christensen Guðrún Ægisdóttir les eigin þýðingu (12).
15.40 Tilkynningar. Tónleikar.
16.00 Fréttir. Dagskrá. 16.15 Veðurfregnir.
16.20 Síðdegistónleikar Taru Valjakka syngur með Sinfóníuhljómsveit austurríska útvarpsins „Sieben frühe Lieder" eftir Alban Berg
17.20 Litli barnatíminn Stjórnandi: Finnborg Scheving. Aron Halldórsson, 8 ára gamall, aðstoðar við val á efni til flutnings. M.a. verður lesinn kafli úr bókinni „Fjörulalli" eftir Jón V. Gunnlaugsson.
17.40 Á ferð Óli H. Þórðarson spjallar við vegfarendur.
17.50 Tónleikar. Tilkynningar.
18.45 Veðurfregnir. Dagskrá kvöldsins.
19.00 Fréttir. Tilkynningar.
19.35 Á vettvangi Stjórnandi þáttarins: Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Samstarfsmaður: Arnþrúður Karlsdóttir.
20.00 Afangar Umsjónarmenn: Ásmundur Jónsson og Guðni Rúnar Agnarsson.
20.30 „Áður fyrr á árunum" (Endurtekinn þáttur frá morgninum).
21.00 Frá tónleikum Norræna hússins 5. nóvember í fyrra Nils-Erik Sparf og Marianne Jacobs, leika saman á fiðlu og píanó. a. Sónata nr. 2 eftir Béla Bartók. b. Rómansa eftir Sergej Rakhmaninoff.
21.30 Útvarpssagan: „Glýja" eftir Þorvarð Helgason Höfundur les (2).
22.00 Roger Williams leikur vinsæl lög á píanó með hljómsveit.
22.15 Veðurfregnir. Fréttir. Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.35 Úr Austfjarðaþokunni Umsjónarmaður: Vilhjálmur Einarsson skólameistari á Egilsstöðum.
23.00 Á hljóðbergi. Umsjónarmaður: Björn Th. Björnsson listfræðingur. „100 Mand og Een Bajer". Osvald Helmuth í S-inu sinu.
23.45 Fréttir. Dagskrárlok.

sjónvarp

Þriðjudagur 6. október

19.45 Fréttaágrip á táknmáli.
20.00 Fréttir og veður.
20.25 Auglýsingar og dagskrá.
20.30 Pétur.
Tékkneskur teiknimyndaflokkur. Níundi þáttur.
20.35 Þjóðskörungar 20stu aldar. Hirohito keisari (1901—)
21.05 Óvænt endalok. Sjáumst á jólunum. Lokaþáttur. Þýðandi: Óskar Ingimarsson.
21.35 Kvennaframboð — eða ekki? Umræðuþáttur í umsjá Ásdísar J. Rafnar og Ernu Indriðadóttur, fréttamanna. Í þættinum verða inngangur með stuttu sögulegu yfirliti um þátt kvenna í sjónmálum og viðtöl við Auði Auðuns, Sigríði Thorlacius og Jóhönnu Sigurðardóttur. Að inngangi loknum verða svo umræður um það hvernig eigi að auka þátt kvenna í stjórnmálum — og þá hvort kvennaframboð sé vænleg lausn.
22.25 Dagskrárlok.